



73. sveitarstjórnarfundur
F26-06-064

Sveitarstjórn Húnabyggðar Fundargerð

Fundur haldinn þann 29.6.2026, 12:00 – 12:05. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.

Fundarstjóri:	Guðmundur Haukur Jakobsson
Ritari:	Dagný Rósa Úlfarsdóttir
Fundinn sátu:	Grímur Rúnar Lárusson aðalmaður Zophonías Ari Lárusson aðalmaður Jenný Lind Gunnarsdóttir aðalmaður Kolbrún Ágústa Guðnadóttir aðalmaður Jón Gíslason aðalmaður Helgi Páll Gíslason aðalmaður Atli Einarsson varamaður fyrir Sævar Björgvinsson Arnrún Bára Finnsdóttir varamaður fyrir Ragnhildi Haraldsdóttur

Forseti sveitarstjórnar bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Engar athugasemdir voru við fundarboðið.

1. M26-06-356 - Ráðning sveitarstjóra

Lagður er fram ráðningarsamningur við Svavar Pálsson um starf sveitarstjóra Húnabyggðar. Svavar mun hefja störf þann 1. október 2026 og gildir ráðningin til 30. júní 2030, í samræmi við fyrirliggjandi ráðningarsamning.

Samningurinn er samþykktur samhljóða.

Jafnframt er forseta sveitarstjórnar falið að undirrita ráðningarsamninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.